

III. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri til framkvæmdaraðila verksins eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Húsráðanda er heimilt að koma kvörtunum á framfæri við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal tilkynna það sveitarfélaginu eða Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, sem hlutast þá til um að úr verði bætt.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Mýrdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnhliða fellur úr gildi samþykkt um sorphreinsun í Mýrdalshreppi nr. 113/1989.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir ferðapjónustu að Hunkubökkum í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 27. ágúst 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir 11 frítímahús, 200 til 300 m<sup>2</sup> herbergjaálmú ásamt viðbyggingu við þjónustuhús að Hunkubökkum í Skaftárhreppi.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 19. desember 2001.*

F.h. Skaftárhrepps,

**Benedikt Lárusson** byggingarfulltrúi.